



Reykjavík, 29. september 2017

**Niðurstaða athugunar á útlánum Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða, sbr. 8. kafla laga nr. 44/1998 um húsnæðismál**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á útlánnum Íbúðalánasjóðs til leiguíbúða í október 2016. Markmið athugunarinnar var að kanna verklag og fylgni Íbúðalánasjóðs við útlán sjóðsins til tiltekinna almennra leigufélaga, sbr. 8. kafla laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, sbr. einnig reglugerð nr. 1042/2013 um lánveitingar Íbúðalánasjóðs til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í lok maí 2017 og byggir á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þær aðstæður sem voru til staðar þegar umræddar lánveitingar áttu sér stað.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að í lánveitingum til tiltekins leigufélags hefði ekki verið fyllilega gætt að skilyrði 33. – 34. gr. laga nr. 44/1998, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr., 5. og 6. tl. 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1042/2013 væru uppfyllt.

Nánar tiltekið gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að á tíma umræddra lánveitinga hafi, að mati Fjármálaeftirlitsins:

- Samþykktir lántaka ekki verið í samræmi við skilyrði 5. og 6. tl. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1042/2013, þar eð ekki kom fram í samþykktunum að (i) félagið væri ekki rekið í hagnaðarskyni og (ii) að ígildi arðs yrði ekki greiddur til hluthafa.
- Ekki legið fyrir endurskoðaður ársreikningur lántaka, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 1042/2013.
- Lántaki verið félag sem *raunverulega* var rekið í hagnaðarskyni, sbr. 33. gr. laga nr. 44/1998, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1042/2013.

Fyrir liggur nú að Íbúðalánasjóður hefur yfirfarið verklag sitt varðandi lánveitingar til leiguíbúða sem tryggir meiri festu í fylgni við framangreint regluverk. Telur Fjármálaeftirlitið það jákvætt en beinir því jafnframt til Íbúðalánasjóðs að sjóðurinn tryggi fylgni við það verklag.